




# sjónlag

augnlækningar  
laseraðgerðir




sjónlag



## Augasteinsaðgerðir

Við bjóðum fyrst íslenskra augnlækna-stöðva upp á augasteinsaðgerðir fyrir einstaklinga með ský á augasteini. Í þessum aðgerðum er skýið fjarlæggt og nýr gerviaugasteinn er settur í hans stað.


Óski fólk eftir því er hægt að setja sérstaka gerviaugasteina með þeim eiginleikum að fólk getur bæði séð vel langt frá sér og nálægt sér. Þetta er einnig í fyrsta sinn sem boðið er upp á slíkt hér á landi.



## Laseraðgerðir

Í Sjónlagi bjóðum við upp á fullkornustu þjónustu á sviði laseraugnlækninga sem völ er á. Þúsundir einstaklinga hafa nú notið þjónustu Sjónlags á þessu sviði og er árangur afar góður. Frelsið sem fylgir því að losna við gleraugu og snertilinsur er ólýsanlegt og erum við stolt af þeim árangri sem við höfum náð með skjól-stæðingum okkar.

Við bjóðum upp á nýjustu lasertækni og fylgjum fólk eftir í sex mánuði að lokinni aðgerð. Mikilvægt er að kynna sér laseraðgerðirnar í sérstökum bæklingi Sjónlags.



## Sykursýkiseftirlit

Sykursjúkir einstaklingar þurfa að fara til augnlækis á hverju ári. Augnbótna-skemmdir af völdum sykursýki geta valdið sjónmissi, sem í langflestum tilvikum væri hægt að koma í veg fyrir með laser-meðferð á augnbótum.

Augnlæknar Sjónlags geta greint og meðhöndlað sykursjúka einstaklinga ef þörf er á með nýjustu tækni. Við leggjum auk þess mikla áherslu á góð tengsl við sykursýkislækna.



## Glákueftirlit

Gláka er sjúkdómur sem er algengur og ættgengur í íslensku þjóðfélagi. Gláka er sjúkdómur þar sem sjóntaug skemmist smám saman ef ekki er gripið inn í með því að lækka augnþrýsting.

Með bættri glákumeðferð er nánast unnt að útrýma sjónskerðingu af völdum gláku.

Sjónlag er með fullkomna aðstöðu til greiningar og meðferðar á gláku.

Einstaklingum með gláku þarf að fylgja eftir reglulega og gerir Sjónlag það með með sérstakri boðun sé þess óskað.




## Hrörnun í augnbotnum

Kölkun í augnbotnum er algengasta orsök sjóndepru á Íslandi. Sjúkdómur þessi er ættgengur og kemur oftast með hækkandi aldri. Þessi augnsjúkdómur hefur áhrif á miðju sjónsviðsins og hefur m.a. áhrif á lestur og að þekkja andlit.

Í sumum tilvikum er hægt að koma í veg fyrir sjónskerðingu með inngripi á réttum tíma og mjög mikilvægt er að fylgjast reglulega með sjúklingum.

Sjónlag er með fullkomnustu tæki hér á landi til að greina, fylgjast með og meðhöndla þennan augnsjúkdóm.



## Þurr augu og hvarmabólga

Þurr augu og hvarmabólga eru algengir kvillar hér á landi. Þrátt fyrir að þeir orsaki sjaldan sjónskerðingu og blindu, valda þeir oft miklum óþægindum og tíðni þeirra hefur aukist við aukna tölvunotkun og þurrara loft í nánasta umhverfi okkar.

Við bjóðum upp á bestu leiðbeiningar og meðferð við þessum sjúkdómum.

Lykilatriði í þessum tilvikum er að þekking fólks á þessum sjúkdómum sé mikil og veitir Sjónlag þann stuðning sem þarf í baráttunni við þá.

# SJÓNLAG

Sjónlag augnlæknastöð var stofnuð árið 2001 og hefur yfir að ráða mikilli þekkingu á sviði læknavísinda og tækni.

Sjónlag hefur á að skipa augnlæknum sem eru sérfræðingar á sviði hornhimnu- og sjónhimnulækninga.

Sérfræðingar okkar eru leiðandi á sínu sviði og leggja metnað sinn í að tryggja skjólstæðingum sínum bestu meðferð sem völ er á.

Við hjá Sjónlagi leitumst öll við að veita persónulega og faglega þjónustu og finna bestu lausn fyrir hvern og einn.



**Jóhannes Kári Kristinsson**

Sérfræðingur í hornhimnu-  
lækningum og sjónlags-  
lækningum með laser

[johkari@sjonlag.is](mailto:johkari@sjonlag.is)



**Ólafur Már Björnsson**

Sérfræðingur í sjónhimnu-  
lækningum og sjónlags-  
lækningum með laser

[omb@sjonlag.is](mailto:omb@sjonlag.is)



**Óskar Jónsson**

Sérfræðingur í sjónhimnu-  
lækningum og augasteins-  
aðgerðum


[oskar@sjonlag.is](mailto:oskar@sjonlag.is)



**María Aldís Kristinsdóttir**

Hjúkrunarfræðingur

[maria@sjonlag.is](mailto:maria@sjonlag.is)



**María Bóel Gylfadóttir**

Hjúkrunarfræðingur

[mariaboel@sjonlag.is](mailto:mariaboel@sjonlag.is)

## SÉRFRÆÐINGAR Í ÞÍNUM AUGUM

Öryggi ofar öllu | Reynsla og sérþekking | Nákvæm forskoðun | Eftirfylgni í 6 mánuði

Glæsibær

Álfheimar 74

5. hæð

104 Reykjavík

Sími 577 1001

Fax 577 1021

[sjonlag@sjonlag.is](mailto:sjonlag@sjonlag.is)

[www.sjonlag.is](http://www.sjonlag.is)